



Ritroð Samkeppniseftirlitsins

# Viðhorf almennings til samkeppnismála

Rit nr. 1/2019





## Könnun meðal almennings

Dagana 30. apríl til 3. maí 2019 framkvæmdi MMR könnun, að beiðni Samkeppniseftirlitsins, um þekkingu og viðhorf almennings til samkeppni, almennt og á einstökum sviðum. Jafnframt var spurt um þekkingu almennings á rekstri samkeppnismála. Könnunin er byggð á könnun sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur látið gera þrisvar sinnum í öllum aðildarríkjum sambandsins.

Með því að framkvæma könnunina hér á landi gefst tækifæri til þess að bera niðurstöðurnar saman við niðurstöður innan ESB og einstakra aðildarríkja. Nýtast þessar upplýsingar Samkeppniseftirlitinu í starfi og stefnumótun þess. Einnig eru niðurstöðurnar birtar öðrum til upplýsingar með riti þessu, jafnframt því sem þær geta nýst öðrum stjórnvöldum, s.s. við eftirfylgni við markmið sem sett eru fram í fjármálaáætlun um þekkingu almennings á atvinnulífinu.

Í könnuninni var aflað viðhorfs almennings til eftirfarandi þátta:

- Áhrifa samkeppni á neytendur og efnahagslífið.
- Persónulegrar reynsla af vandamálum vegna skorts á samkeppni, flokkað eftir geirum og birtingarmynd vandamálanna. Sérstaklega var spurt um samkeppni í síma- og internetþjónustu, farþegaþjónustu, dagvörusölu, fjármálaþjónustu, lyfjamarkaði og orkumarkaði.
- Þekkingar á samkeppnismálum (s.s. samráði eða samrunum fyrirtækja) og hvar hennar var aflað.
- Þekkingar á ákvörðunum sem teknar eru í tengslum við vandamál tengd samkeppni og hvaða yfirvöld taka þær.
- Hvert almenningur leiti ef hann verður áskynja um samkeppnisvandamál.

Fyrrgreind könnun var framkvæmd með spurningavagni á netinu og spurningum beint að Íslendingum 18 ára og eldri sem valdir voru af handahófi úr hópi álitsgjafa MMR. Svarendur voru 941 og voru niðurstöðurnar vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns, búsetu og menntunar í þýðis. Spurningarnar voru eins og áður segir þýddar og e.a. staðfærðar úr sambærilegri könnun sem Kantar Public Brussels framkvæmdi fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) í aðildarríkjum ESB í janúar 2019.<sup>1</sup> Nefnist sú könnun *Citizens' perceptions about competition policy*.

Hér á eftir er samantekt á helstu niðurstöðum könnunar MMR og samanburður við þá könnun sem framkvæmd var fyrir framkvæmdastjórn ESB. Í viðauka eru niðurstöður fyrrgreindrar könnunar eftir úrvinnslu MMR.

---

<sup>1</sup> Það athugast að Kantar framkvæmdi símakönnun á meðan MMR framkvæmdi netkönnun.



## Meginniðurstöður

### Nær allir svarendur telja virka samkeppni hafa góð áhrif á sig sem neytendur

- 97% svarenda telja virka samkeppni hafa jákvæð áhrif á sig sem neytendur. Þetta er hærra hlutfall en í nokkru ESB-landanna og afgerandi hærra en að meðaltali í ESB ríkjunum, en þar svöruðu 83% því til að virk samkeppni hefði jákvæð áhrif á sig sem neytendur.

### Mikill meirihluti telur samkeppni hafa jákvæð áhrif á verð, gæði, nýsköpun og samkeppnishæfni fyrirtækja á alþjóðlegum markaði

- 84-88% svarenda eru sammála því að samkeppni stuðli að betra verði, úrvali og gæðum vara og þjónustu fyrir neytendur. Þetta er ívið hærra hlutfall en að meðaltali í könnun ESB, en þar voru 76-88% sammála fyrrgreindum fullyrðingum.
- 87% svarenda eru sammála því að samkeppni á milli fyrirtækja örvi nýsköpun og hagvöxt. Sama hlutfall svarenda í könnun ESB voru sammála fullyrðingunni.
- 89% eru sammála því að samkeppni hjálpi evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði. Ívið lægra hlutfall svarenda (að meðaltali) í könnun ESB voru sammála fyrrgreindri fullyrðingu, eða um 81%.

### Íslendingar verða mest varir við samkeppnisvandamál í farþegaþjónustu, fjármálaþjónustu og á matvörumarkaði. Í könnun ESB nefna hins vegar flestir síma- og netþjónustu, orkumarkað og lyfjamarkað.

- Flestir svarendur, eða um 42%, nefndu farþegaþjónustu<sup>2</sup> sem þann geira þar sem viðkomandi höfðu upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni. Næstflestir, eða um 33%, nefndu fjármálaþjónustu<sup>3</sup> og þar á eftir matvörumarkað, eða um 24%.<sup>4</sup>
- Í könnun ESB nefndu flestir síma- og netþjónustu (27%), næstflestir orkumarkað (20%) og þar í kjölfarið lyfjamarkað (17%).

### Hátt verð og lítill verðmunur er oftast nefndur þegar spurt er hver séu helstu vandamálín á viðkomandi mörkuðum:

- Hátt verð er oftast nefnt þegar spurt er hver séu helstu vandamál á þeim mörkuðum sem svarendur töldu samkeppni ekki vera næga. Þannig var verðlag oftast nefnt sem vandamál á matvörumarkaði (64%), farþegaþjónustu (64%) og lyfjamarkaði (52%).
- Lítill marktækur munur á verði fyrir svipaða þjónustu er einnig oft nefndur sem vandamál. Lítill verðmunur var þannig oftast nefndur af þeim sem töldu skort á samkeppni í fjármálaþjónustu (65%), auk þess sem þetta var oft nefnt sem vandamál í síma- og netþjónustu (41%).
- Í könnun ESB er hátt verð oftast nefnt sem vandamál. Í tilfelli síma- og netþjónustu nefndu að meðaltali um 70% svarenda verð. Það sama á við um aðra geira sem spurt var um.

<sup>2</sup> S.s. fólksflutningar á landi og flugfélög.

<sup>3</sup> S.s. bankar og tryggingafélög.

<sup>4</sup> Samtala fyrsta eða annars vals.



### **Samkeppniseftirlitið oftast nefnt þegar spurt er hvert eigi að leita vegna samkeppnisvandamála**

- Sama hlutfall og í könnun ESB svaraði játandi spurningu um hvort viðkomandi vissi hvert hann ætti að leita með samkeppnisvandamál, eða 44%.
- Af þeim sem svöruðu nefndu 74% að leita ætti til Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnisvandamála. Hér munar talsverðu á svörum í könnun ESB en þar nefndu að meðaltali 45% samkeppnisyfirvald í viðkomandi landi. Næst komu Neytendasamtökin með 71%, eða svipað hlutfall og í Evrópu. Þá nefndu 4% Eftirlitsstofnun EFTA (samanborið við 10% sem nefndu framkvæmdastjórn ESB) og 9% aðrar eftirlitsstofnanir (samanborið við 34% í ESB-könnuninni).

### **Um 7 af hverjum 10 hafa heyrt eða lesið um samkeppnismál á sl. 12 mánuðum, samanborið við 4 af hverjum 10 í könnun ESB**

- 68% svarenda höfðu heyrt eða lesið um samkeppnismál (s.s. samráð fyrirtækja, samruna eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu) á sl. 12 mánuðum. Þetta er umtalsvert hærra hlutfall en í könnun ESB en þar höfðu að meðaltali 41% svarenda heyrt eða lesið um samkeppnismál.
- Flestir höfðu heyrt eða lesið um þessi mál í dagblaði eða tímariti (prent- eða vefútgáfu), eða um 72%, 51% í sjónvarpi, 39% í útvarpi og 34% á samfélagsmiðlum.

### **Um 8 af hverjum 10 hafa heyrt um ákvörðun sem tekin hefur verið af samkeppnisyfirvöldum, samanborið við 5 af hverjum 10 í könnun ESB**

- 79% svarenda höfðu heyrt um ákvörðun sem hafði verið tekin af samkeppnisyfirvöldum. Er hér um að ræða hærra hlutfall en að meðaltali í ríkjum ESB en þar höfðu um 50% svarenda heyrt um slíka ákvörðun.

### **Nær allir nefndu Samkeppniseftirlitið sem ákvörðunaraðila**

- 97% af þeim sem höfðu heyrt um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda nefndu Samkeppniseftirlitið sem ákvörðunaraðila. Um 20% nefndu Eftirlitsstofnun EFTA og 5% framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Í ríkjum ESB nefndu að meðaltali mun fleiri framkvæmdastjórn ESB, eða 47%, og töluvert lægra hlutfall nefndi samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjum, eða um 68% í samanburði við 97% hér á landi.



# Samkeppniseftirlitið

## Viðhorfskönnun um samkeppnismál

Maí 2019

Efni skýrslunnar er háð höfundarrétti MMR. Öll opinber dreifing eða fjölritun er óheimil nema með skriflegu samþykki MMR. MMR er aðili að ESOMAR.

Allur réttur áskilinn: © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.  
MMR og SPOR eru skrásett vörumerki Markaðs- og miðlarannsóknna ehf.





**3** Framkvæmd og úrtak

**NIÐURSTÖÐUR**

**6** Yfirlit

**8** Viðhorf til samkeppnismála

**19** Vandamál á mörkuðum

**38** Samkeppnismál

**53** Opin svör

# FRAMKVÆMD OG ÚRTAK



## FRAMKVÆMD

### Verkkaupi

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

### Dagsetning gagnaöflunar

30. apríl til 3. maí 2019

### Aðferð

Netkönnun (spurningavagn)

### Úrtak

Íslendingar 18 ára og eldri valdir handahófskennt úr hópi Álitsgjafa MMR\*

### Svarfjöldi

941 einstaklingar. Svör voru vigtuð út frá upplýsingum um þýði.

\*Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 18.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspeglí lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.

## VOGTÖLUR

Niðurstöður voru vigtaðar með tilliti til dreifingar aldurs, kynja, búsetu og menntunar í þýði.

Vogtölur sjást í töflunni hér að neðan.

### Kyn

Karl	1,01
Kona	0,99

### Búseta

Höfuðborgarsvæði	1,01
Landsbyggð	0,99

### Aldur

18-29 ára	1,05
30-39 ára	0,93
40-49 ára	0,97
50-59 ára	0,99
60-67 ára	1,03
68 ára eða eldri	1,05

### Menntun

Grunnskóli	2,78
Starfsnám	0,68
Bóklegt framh.	1,13
Verklegt framh.	1,10
Sérpróf í hásk.	0,48
Háskólanám	0,69

### Um opinbera birtingu niðurstaða úr könnunum MMR:

Óheimilt er að birta niðurstöður kannana opinberlega nema með skriflegu leyfi MMR. Ef niðurstöður eru birtar skal nafn þess sem greiðir fyrir viðkomandi könnun tekið fram ásamt því sem niðurstöður viðkomandi spurningar skulu gerðar opinberar í heild sinni, þar með talið þær forsendur sem svarendum eru gefnar áður en spurningunni er svarað. MMR áskilur sér jafnframt rétt til að gera ofangreindar upplýsingar opinberar við birtingu af hálfu kaupanda.

## SAMANBURÐARTÖLUR

Í skýrslunni eru birtar samanburðartölur fyrir Evrópusambandið.


Þessar tölur voru fengnar úr skýrslu Evrópusambandsins sem ber titilinn „Flash Eurobarometer 476: Citizen’s perceptions about competition policy“ og var gefin úr í janúar 2019.

Prósentutölur sýna meðaltöl svara fyrir þau 28 Evrópusambandslönd sem spurningarnar voru lagðar fyrir í. Þær prósentutölur sem birtast í skýrslu Evrópusambandsins hafa verið umreiknaðar og sýna hér hlutfall þeirra sem tóku afstöðu til hvorrar spurningar.

# NIÐURSTÖÐUR | YFIRLIT



Yfirlit yfir kvarðaspurningar



# NÍÐURSTÖÐUR | VIÐHORF TIL SAMKEPPNISMÁLA


## EFNISYFIRLIT KAFLA

- 9 Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur
- 11 Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur
- 13 Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betri gæðum á vörum og þjónustu
- 15 Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt
- 17 Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði





Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög ósammála	49	5,5%	1,3%
Frekar ósammála	65	7,2%	1,5%
Frekar sammála	331	37,1%	2,8%
Mjög sammála	448	50,2%	2,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>893</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	893	94,9%	
Tóku ekki afstöðu**	48	5,1%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	


\*Allir þátttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

Hlutfall sammála/ósammála




## [SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra verði fyrir neytendur



\*Marktækur munur á milli hópa

[SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?  
**Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur**

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög ósammála	40	4,5%	1,2%
Frekar ósammála	65	7,3%	1,5%
Frekar sammála	387	43,7%	2,9%
Mjög sammála	394	44,4%	2,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>886</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	886	94,2%	
Tóku ekki afstöðu**	55	5,8%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þátttakendur voru spurðir


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

Hlutfall sammála/ósammála






## [SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betra úrvali fyrir neytendur



\*Marktækur munur á milli hópa

[SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?  
**Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betri gæðum á vörum og þjónustu fyrir neytendur**

Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betri gæðum á vörum og þjónustu



Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög ósammála	46	5,3%	1,3%
Frekar ósammála	91	10,5%	1,8%
Frekar sammála	373	43,0%	2,9%
Mjög sammála	357	41,1%	2,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>867</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	867	92,1%	
Tóku ekki afstöðu**	74	7,9%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þátttakendur voru spurðir


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

Hlutfall sammála/ósammála






## [SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Samkeppni á milli fyrirtækja stuðlar að betri gæðum á vörum og þjónustu fyrir neytendur



\*Marktækur munur á milli hópa

Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög ósammála	43	5,1%	1,3%
Frekar ósammála	65	7,8%	1,6%
Frekar sammála	370	44,1%	3,0%
Mjög sammála	360	42,9%	3,0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>839</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	839	89,1%	
Tóku ekki afstöðu**	102	10,9%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	


\*Allir þátttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

Hlutfall sammála/ósammála



## [SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Samkeppni á milli fyrirtækja örvar nýsköpun og hagvöxt




\*Marktækur munur á milli hópa



[SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?  
**Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði**

Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög ósammála	37	4,9%	1,4%
Frekar ósammála	52	7,0%	1,6%
Frekar sammála	374	49,6%	3,2%
Mjög sammála	291	38,6%	3,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>754</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	754	80,1%	
Tóku ekki afstöðu**	187	19,9%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þátttakendur voru spurðir


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

Hlutfall sammála/ósammála





[SP01] Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?  
**Samkeppni hjálpar evrópskum fyrirtækjum að verða samkeppnishæfari á alþjóðlegum markaði**



\*Marktækur munur á milli hópa

# NIÐURSTÖÐUR | VANDAMÁL Á MÖRKUÐUM

## EFNISYFIRLIT KAFLA


- 20 Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum sem leiddu til hærra verðs en ella, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða?
- 26 Vandamál á markaði: Farþegaþjónusta
- 28 Vandamál á markaði: Fjármálaþjónusta
- 30 Vandamál á markaði: Matvörumarkaður
- 32 Vandamál á markaði: Orkumarkaður
- 34 Vandamál á markaði: Lyfjamarkaður
- 36 Vandamál á markaði: Síma- og netþjónusta



[SP02] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

## Fyrsti og annar kostur

Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum sem leiddu til hærra verðs en ella, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða?



■ ESB ■ Apríl 2019

Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Farþegaþjónusta (svo sem fólksflutningar á landi og flugfélög)	342	41,7%	3,0%
Fjármálaþjónusta (svo sem bankar og tryggingafélög)	270	33,0%	2,9%
Matvöru- markaður (svo sem stórmarkaðir)	199	24,2%	2,6%
Orkumarkaður (svo sem hitaveita- og raforka)	167	20,4%	2,5%
Lyfjamarkaður (svo sem lyf eða heilsutengdar vörur)	139	17,0%	2,3%
Síma- og netþjónusta	83	10,1%	1,8%
Á öðrum markaði, hverjum?	75	9,1%	1,8%
Hef ekki upplifað vandamál á neinum markaði	115	14,0%	2,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>820</b>		
Tóku afstöðu	820	87,2%	
Tóku ekki afstöðu**	121	12,8%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekkí spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	


\*Allir þáttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"



[SP02] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

Fyrsti og annar kostur




\*Marktækur munur á milli hópa

[SP02a] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

## Fyrsti kostur

Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum sem leiddu til hærra verðs en ella, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða?



■ ESB ■ Apríl 2019


Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Farþegaþjónusta (svo sem fólksflutningar á landi og flugfélög)	231	28,2%	2,8%
Fjármálaþjónusta (svo sem bankar og tryggingafélög)	160	19,5%	2,4%
Matvörumarkaður (svo sem stórmarkaðir)	98	11,9%	2,0%
Orkumarkaður (svo sem hitaveita- og raforka)	77	9,4%	1,8%
Lyfjamarkaður (svo sem lyf eða heilsutengdar vörur)	57	6,9%	1,6%
Síma- og netþjónusta	35	4,2%	1,2%
Á öðrum markaði, hverjum?	48	5,9%	1,4%
Hef ekki upplifað vandamál á neinum markaði	115	14,0%	2,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>820</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	820	87,2%	
Tóku ekki afstöðu**	121	12,8%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þáttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

[SP02a] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

Fyrsti kostur




\*Marktækur munur á milli hópa



[SP02b] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

## Annar kostur

Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum sem leiddu til hærra verðs en ella, takmarkaðs úrvals af vörum eða söluaðilum eða minni gæða?



■ ESB ■ Apríl 2019

Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Fjármálaþjónusta (svo sem bankar og tryggingafélög)	111	17,4%	2,6%
Farþegaþjónusta (svo sem fólksflutningar á landi og flugfélög)	110	17,3%	2,6%
Matvörumarkaður (svo sem stórmarkaðir)	101	15,9%	2,5%
Orkumarkaður (svo sem hitaveita- og raforka)	90	14,2%	2,4%
Lyfjamarkaður (svo sem lyf eða heilsutengdar vörur)	82	13,0%	2,3%
Síma- og netþjónusta	48	7,5%	1,8%
Á öðrum markaði, hverjum?	39	6,1%	1,7%
Hef ekki upplifað vandamál á neinum markaði	55	8,7%	2,0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>636</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	636	90,3%	
Tóku ekki afstöðu**	69	9,7%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>705</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	705	74,9%	
EKKI spurð	236	25,1%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem nefndu markað í SP02a voru spurð


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"





[SP02b] Hefur þú einhvern tímann upplifað vandamál sökum skorts á samkeppni á einhverjum af eftirfarandi mörkuðum?

Annar kostur




\*Marktækur munur á milli hópa

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Farþegaþjónusta

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja í farþegaþjónustu. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Verð er of hátt	220	65,5%	4,5%
Of lítið úrval	162	48,2%	4,7%
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	56	16,6%	3,5%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	52	15,6%	3,4%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	29	8,8%	2,7%
Það er erfitt að bera saman verð	28	8,2%	2,6%
Annað	9	2,6%	1,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>335</b>		
Tóku afstöðu	335	98,1%	
Tóku ekki afstöðu**	7	1,9%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>342</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	342	36,3%	
Ekki spurð	599	63,7%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem nefndu farþegaþjónustu í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"



[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?  
**Farþegaþjónusta**




\*Marktækur munur á milli hópa

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Fjármálaþjónusta

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	175	64,7%	5,0%
Verð er of hátt	133	49,3%	5,3%
Það er erfitt að bera saman verð	84	31,0%	4,9%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	67	24,7%	4,5%
Of lítið úrval	59	22,0%	4,4%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	46	17,0%	3,9%
Annað	9	3,5%	1,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>270</b>		
Tóku afstöðu	270	99,8%	
Tóku ekki afstöðu**	1	0,2%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>270</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	270	28,7%	
Ekki spurð	671	71,3%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem nefndu fjármálaþjónustu í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Fjármálaþjónusta




\*Marktækur munur á milli hópa

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Matvörumarkaður

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á matvörumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?



Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Verð er of hátt	127	64,4%	5,9%
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	63	32,2%	5,8%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	54	27,3%	5,5%
Of lítið úrval	53	26,8%	5,5%
Það er erfitt að bera saman verð	24	12,4%	4,1%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	22	10,9%	3,8%
Annað	7	3,5%	2,3%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>197</b>		
Tóku afstöðu	197	99,3%	
Tóku ekki afstöðu**	1	0,7%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>199</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	199	21,1%	
Ekki spurð	742	78,9%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	


\*Þau sem nefndu matvörumarkað í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"



[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Matvörumarkaður




\*Marktækur munur á milli hópa

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Orkumarkaður

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á orkumarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	68	41,0%	6,6%
Verð er of hátt	67	40,3%	6,6%
Of lítið úrval	44	26,3%	5,9%
Það er erfitt að bera saman verð	44	26,1%	5,9%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	39	23,6%	5,7%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	13	8,0%	3,6%
Annað	2	1,0%	1,4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>167</b>		
Tóku afstöðu	167	100,0%	
Tóku ekki afstöðu**	0	0,0%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>167</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	167	17,7%	
Ekki spurð	774	82,3%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem nefndu orkumarkað í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"






\*Marktækur munur á milli hópa

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Lyfjamarkaður

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á lyfjamarkaði. Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?



Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Verð er of hátt	70	52,3%	7,5%
Það er erfitt að bera saman verð	42	31,6%	7,0%
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	42	31,6%	7,0%
Of lítið úrval	35	26,1%	6,6%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	19	14,3%	5,3%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	9	7,0%	3,8%
Annað	6	4,5%	3,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>134</b>		
Tóku afstöðu	134	96,1%	
Tóku ekki afstöðu**	5	3,9%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>139</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	139	14,8%	
Ekki spurð	802	85,2%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	


\*Þau sem nefndu lyfjamarkað í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"




[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?

## Lyfjamarkaður



\*Marktækur munur á milli hópa

Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja í síma- og netþjónustu.  
Hver telur þú að helstu vandamálin á þeim markaði séu?



Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Það er enginn marktækur munur á verði fyrir svipaða vöru eða þjónustu	34	41,2%	9,4%
Það er erfitt að bera saman verð	31	38,0%	9,2%
Verð er of hátt	30	36,4%	9,2%
Það er erfitt að skipta um söluaðila eða þjónustufyrirtæki	22	26,3%	8,4%
Gæði á vörum eða þjónustum eru ekki nægjanlega mikil	21	25,3%	8,3%
Of lítið úrval	8	9,3%	5,5%
Annað	1	1,6%	2,4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>83</b>		
Tóku afstöðu	83	100,0%	
Tóku ekki afstöðu**	0	0,0%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>83</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	83	8,8%	
Ekki spurð	858	91,2%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem nefndu síma- og netþjónustu í SP02a eða SP02b voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"

[SP03/04] Þú nefndir að þér þætti ekki næg samkeppni milli fyrirtækja á [markaði]. Hvar telur þú að helstu vandamálín á þeim markaði séu?

## Síma- og netþjónusta



\*Marktækur munur á milli hópa


# NIÐURSTÖÐUR | SAMKEPPNISMÁL

## EFNISYFIRLIT KAFLA

- 39 Veist þú hvert þú gætir leitað ef þú bærir kennsla á alvarlegt samkeppnisvandamál af þeim toga sem nefnd voru í fyrri spurningum?
- 41 Til hvaða aðila myndir þú leita vegna samkeppnisvandamála?
- 43 Hefur þú, á síðustu 12 mánuðum, heyrt eða lesið um samkeppnismál (svo sem samráð fyrirtækja, samruna eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu)?
- 45 Hvar heyrðir þú eða last um þessi samkeppnismál?
- 47 Hefur þú einhvern tímann heyrt um ákvörðun sem hefur verið tekin af samkeppnisyfirvöldum gagnvart fyrirtæki?
- 49 Veist þú hvaða samkeppnisyfirvald/völd, tók(u) þá ákvörðun eða þær ákvarðanir sem þú hefur heyrt um gagnvart fyrirtæki eða fyrirtækjum?
- 51 Hvaða áhrif hefur virk samkeppni á þig sem neytanda?



Veist þú hvert þú gætir leitað ef þú bærir kennsl á alvarlegt samkeppnisvandamál af þeim toga sem nefnd voru í fyrri spurningum?



■ ESB ■ Apríl 2019


Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Já	382	44,3%	3,0%
Nei	479	55,7%	3,0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>861</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	861	91,5%	
Tóku ekki afstöðu**	80	8,5%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þátttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"




[SP05] Veist þú hvert þú gætir leitað ef þú bærir kennsla á alvarlegt samkeppnisvandamál af þeim toga sem nefnd voru í fyrri spurningum?



\*Marktækur munur á milli hópa



Til hvaða aðila myndir þú leita vegna samkeppnisvandamála?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Samkeppniseftirlitsins	279	73,5%	3,9%
Neytendasamtaka á Íslandi	269	71,0%	4,0%
Annarrar eftirlitsstofnunar á Íslandi (s.s. Póst- og fjarskiptastofnunar eða Orkustofnunar)	32	8,6%	2,5%
Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)	13	3,5%	1,6%
Dómstóla	7	1,7%	1,2%
Lögreglunnar	2	0,5%	0,6%
Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins	1	0,2%	0,4%
Annað	5	1,3%	1,0%
Myndi ekki leita til neins aðila	5	1,4%	1,0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>380</b>	<b>162%</b>	
Tóku afstöðu	380	99,5%	
Tóku ekki afstöðu**	2	0,5%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>382</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	382	40,5%	
Ekki spurð	559	59,5%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem svörðu "Já" við SP05 voru spurð  
 \*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/Íl ekki svara"

\*Grá súla sýnir samsvarandi fjöldatölur fyrir viðkomandi stofnanir í 28 ESB löndum (meðaltal)


## [SP06] Til hvaða aðila myndir þú leita vegna samkeppnisvandamála?



\*Marktækur munur á milli hópa

[SP07] Hefur þú, á síðustu 12 mánuðum, heyrt eða lesið um samkeppnismál (svo sem samráð fyrirtækja, samruna eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu)?

Hefur þú, á síðustu 12 mánuðum, heyrt eða lesið um samkeppnismál (svo sem samráð fyrirtækja, samruna eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu)?




■ ESB ■ Apríl 2019

Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Já	543	67,7%	2,9%
Nei	259	32,3%	2,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>802</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	802	85,2%	
Tóku ekki afstöðu**	139	14,8%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þáttakendur voru spurðir


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

[SP07] Hefur þú, á síðustu 12 mánuðum, heyrt eða lesið um samkeppnismál (svo sem samráð fyrirtækja, samruna eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu?



\*Marktækur munur á milli hópa

Hvar heyrðir þú eða last um þessi samkeppnismál?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Í dagblaði eða tímariti (prent- eða vefútgáfa)	376	71,5%	3,4%
Í sjónvarpi	269	51,0%	3,8%
Í útvarpi	203	38,6%	3,7%
Á samfélagsmiðlum	181	34,4%	3,6%
Á öðrum vefsíðum	62	11,8%	2,4%
Annars staðar	46	8,8%	2,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>526</b>	<b>216%</b>	
Tóku afstöðu	526	96,9%	
Tóku ekki afstöðu**	17	3,1%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>543</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	543	57,7%	
Ekki spurð	398	42,3%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem svöruðu "Já" við SP07 voru spurð


\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/VI ekki svara"

## [SP08] Hvar heyrðir þú eða last um þessi samkeppnismál?



\*Marktækur munur á milli hópa

Hefur þú einhvern tímann heyrt um ákvörðun sem hefur verið tekin af samkeppnisyfirvöldum gagnvart fyrirtæki?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Já, í eitt skipti	135	16,6%	2,3%
Já, í meira en eitt	502	61,6%	3,0%
Nei	178	21,9%	2,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>815</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	815	86,6%	
Tóku ekki afstöðu**	126	13,4%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þáttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þáttakendur voru spurðir

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/vil ekki svara"

# [SP09] Hefur þú einhvern tímann heyrt um ákvörðun sem hefur verið tekin af samkeppnisyfirvöldum gagnvart fyrirtæki?




\*Marktækur munur á milli hópa



[SP10] Veist þú hvaða samkeppnisyrivald/völd, tók(u) þá ákvörðun eða þær ákvarðanir sem þú hefur heyrt um gagnvart fyrirtæki eða fyrirtækjum?

Veist þú hvaða samkeppnisyrivald/völd, tók(u) þá ákvörðun eða þær ákvarðanir sem þú hefur heyrt um gagnvart fyrirtæki eða fyrirtækjum?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Samkeppniseftirlitið	510	97,0%	1,3%
Eftirlitsstofnun EFTA	106	20,1%	3,1%
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins	27	5,2%	1,7%
Annar aðili	11	2,1%	1,1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>526</b>	<b>124%</b>	
Tóku afstöðu	526	82,6%	
Tóku ekki afstöðu**	111	17,4%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>637</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	637	67,7%	
Ekki spurð	304	32,3%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Þau sem svöruðu "Já" við SP09 voru spurð

\*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/VI ekki svara"


\*Grá súla sýnir samsvarandi fjöldatölur fyrir Samkeppniseftirlitsstofnanir 28 ESB landa (meðaltal)

# [SP10] Veist þú hvaða samkeppnisyrivald/völd, tók(u) þá ákvörðun eða þær ákvarðanir sem þú hefur heyrt um gagnvart fyrirtæki eða fyrirtækjum?



\*Marktækur munur á milli hópa


Hvaða áhrif hefur virk samkeppni á þig sem neytanda?




Svar	Fjöldi	Hlutfall	± 95% vikmörk
Mjög neikvæð áhrif	5	0,6%	0,4%
Frekar neikvæð áhrif	24	2,9%	1,0%
Frekar jákvæð áhrif	494	58,1%	3,0%
Mjög jákvæð áhrif	326	38,4%	2,9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>849</b>	<b>100%</b>	
Tóku afstöðu	849	90,2%	
Tóku ekki afstöðu**	92	9,8%	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	
Spurð*	941	100,0%	
Ekki spurð	0	0,0%	
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>	

\*Allir þátttakendur voru spurðir  
 \*\*Þau sem ekki tóku afstöðu völdu "Veit ekki/MI ekki svara"

Hlutfall jákvæð/neikvæð



## [SP11] Hvaða áhrif hefur virk samkeppni á þig sem neytanda?



\*Marktækur munur á milli hópa

# OPIN SVÖR



### SP02a:

- > Aðstoð við að eignast barn.
- > Allt ofantalið
- > Almenn upplifun á Íslandi
- > Áfengi
- > Áfengi og bensín
- > Bankastarfsemi
- > Bensín (x7)
- > Bensín/olíu markaði
- > Bensínstöðvum
- > Bensínsölu
- > Bílavarahlutir
- > Byggingavörur
- > Eldsneyti (x4)
- > Eldsneytismarkaði (x3)
- > Heilbrigðisþjónusta (x2)
- > Hitaveitu
- > Í einkarekinni heilbrigðisþjónustu
- > Já, vegna verzlunar með áfengi
- > Leikfangaverslana
- > Læknisþjónusta tengd tæknifrjógungun
- > MS
- > Olíu
- > Olíu markaði
- > Olíu og bensín
- > Olíufélög
- > Olíufélög með samráð

- > Olíumarkaður
- > Pósturinn
- > Póstþjónusta
- > Raftækjamarkaði
- > Skipaflutningum
- > Skort á vörum frá Örnun (laktósafrír rjómi og fl. mjólkurvörur frá Örnun)
- > Skó- og fataverslanir
- > Snyrtivörumarkaður
- > Tölvumarkaðinum (tölvuútlutir)
- > Útflutningi
- > Varahlutum
- > Verð á bensíni og olíu

### SP02b:

- > Almennt á íslenskum samkeppnismarkaði
- > Á öllum mörkuðum á Íslandi, því landið er of lítið fyrir innlenda holla samkeppni
- > Áfengi og tóbak
- > Áfengismarkaði
- > Bankar
- > Bensínsölu
- > Bensín
- > Bensín, mjólk og kjöt
- > Bensínstöðva
- > Byggingavörur á landsbyggðinni
- > Eldsneytissala, sem myndi þá vera orkumarkaður?
- > Eldsneyti (x4)
- > Eldsneyti, það er ekki séns að það sé ekki samráð, öll hafa verðin innan nokkurra AURA frá hinum nema Costco sem er allt að næstum 30 krónum ódýrari!
- > Eldsneytismarkaði
- > Flest opinber þjónusta, s.s. læknisþjónusta, skólar, leikskólar
- > Flug
- > Heilbrigðisþjónustu
- > Hjálp við að eignast barn. Tæknifrjógunganir.
- > Mjólkurframleiðslu
- > mjólkurmarkaði
- > Olíu
- > Olíufélögin (x2)
- > Olíumarkaði
- > Olíumarkaður
- > Póstsamgöngum
- > Pósturinn
- > Póstþjónusta (x2)
- > Sjóntvarp
- > Streymsþjónustur
- > Það er ekki til samkeppni á Íslandi, bara samráð !

TAKK FYRIR!

